

Borgarstjórn Reykjavíkur
1. apríl 2025

Greinargerð með umræðu um þéttingu byggðar í Breiðholti (að beiðni borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins)

Hið risavaxna stálgrindarhús að Álfabakka 2a, sem vinstri meirihlutinn í borgarstjórn heimilaði á þessu kjörtímabili fyrir framan nefið á íbúum að Árskógum 7, hefur meðal annars haft þær afleiðingar að mun meiri áhugi er á skipulagsmálum í hverfinu. Þetta stórslys í skipulagsmálum Breiðholtsins hefur sem sagt vakið forvitni íbúa um hvar og hvenær verði frekari uppbygging í hverfinu.

Það er því fullt tilefni til að ræða um þéttingu byggðar í Breiðholti í Borgarstjórn Reykjavíkur. Með öðrum orðum, hver sé staða skipulagsmála í Breiðholti og hvert stefni. Gildandi aðalskipulag var samþykkt í ársbyrjun 2022 og er í gildi til 2040. Hverfaskipulag Breiðholts tók gildi haustið 2022. Mörgum þróunarreitum í hverfinu var haldið utan við hverfaskipulagið. Þó liggur fyrir að innan ramma hverfaskipulagsins er ætlunin að þétta byggð í Breiðholti, svo sem að Suðurfelli 4.

En hverjir eru þessir þróunarreitir sem standa utan hverfaskipulagsins? Þeir eru eftirfarandi:

- Norður-Mjódd, meðal annars Stekkjarbakki 6 þar sem Vínbúðin og Garðheimar voru áður til húsa (reitur nr. 81 fyrir nýja íbúðabyggð í aðalskipulagi);
- Suður-Mjódd, Skógarhlíð 10, þar sem bensínstöð N1 er nýhætt rekstri (reitur nr. 82 fyrir nýja íbúðabyggð í aðalskipulagi);
- Arnarbakki, þar sem áður var starfræktur verslunarkjarni (reitur nr. 83 fyrir nýja íbúðabyggð í aðalskipulagi);
- Eddufell-Völvufell, sem breyta á í íbúðir í stað verslunarrýmis (reitur nr. 84 fyrir nýja íbúðabyggð í aðalskipulagi);
- Suðrhólar-Lóuhólar, (reitur nr. 85 fyrir nýja íbúðabyggð í aðalskipulagi);
- Suðurfell, skipulagslýsing var lögð fram sumarið 2023 (reitur nr. 106 fyrir nýja íbúðabyggð í aðalskipulagi);
- Jórufell-Norðurfell, (reitur nr. 107 fyrir nýja íbúðarbyggð í aðalskipulagi).

Markmiðið með umræðunni er að efla yfirsýn yfir stöðu einstakra skipulagsverkefna í Breiðholti sem og hvert stefni.